Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 78


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

2/9.

Brf. 2/9 '11
Bg. 18

Að fengnu leyfi stjórnarráðs Íslands leyfi eg mér hér með að fara þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur að byggja megi sérstakt salernahús á lóð stýrimannaskólans, þar sem geymsluhús mitt stóð, og flytja þangað salernin úr geymsluhúsi skólans.

Eg skal leyfa mér að geta þess að eg hefi farið fram á þennan flutning salernanna vegna þess hve nærri þau eru alfaravegi og hve mikið pláss þau taka af geymsluhúsi skólans með því að vera í því.

/. Uppdráttur af salernahúsinu fylgir hér með; á honum sést að það á að vera skúr 6×2½ álnir að stærð. Skúrinn á að byggja úr tré og klæða að utan með bárujárni.

Á uppdrættinum sést og að gjört er ráð fyrir að skúr þessi verði bygður á suðvesturhorni lóðar skólans, við vesturtakmörk lóðarinnar, og þannig að norðurhlið skúrsins og norðurhlið geymsluhússins verði í beinni línu.

Reykjavík 1. september 1911
Páll Halldórsson

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

B. Rek. 555/1911. Bg. 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mott. 24/8

Bradrabergarstíg 5
Reykjavík 23 Aug. 1911.

Háttvirta Byggingarnefnd Reykjavíkur!

Hjermeð bið eg yður að veita mjer leyfi til að setja skúr með austurhlið Bæjarmíns Bradrabergarstíg 5. Skúrinn vil eg sje 3 álna breiður og 5 álna langur

Virðingarfyllst
Finnur Jónsson

B. Rvk. 549/1911. Bg 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GUÐJÓN JÓNSSON
MÁLARI
REYKJAVIK
ISLAND

29. agust 1911.

hér með bið eg hina háttvirtu Byggingarnefnd R.víkur um leifi til að byggja geimsluskúr (sem afmarkaður er á meðfylgjandi teikning) á eign minni Kárastíg № 2. stærðin er um 6 al leingd og 2 1/4 al breidd. 3 al hæð með flötu þaki.

Virðingarfyllst

Guðjón Jónsson

Grettisgötu 24.

B. Bók. 550/1911. Bg 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Rvík 22 ág. 1911

B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/9

Virðingarfyllst leyfi jeg undirritaður mjer að fara þess á leit að byggingarnefnd bæjarins mætti þóknast að veita mjer leyfi til að gjöra kolaskúr (samkv. meðf. uppdrætti) við húseign mína (við) Laugaveg 61, hjer í bænum.

Reykjavík, þ. 31. ág. 1911
pr. H. J. Hansen
bakarameistara
E. Erlendsson.

B. Rvk. 551/1911. By. 18.

Til byggingarnefndar Reykjavíkurbæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/8.

**Kolaverzlun Bj. Guðmundssonar**
Reykjavík
Símnefni: Björn — Talsími 111

Reykjavík 25. Agúst 1911

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að malast til að hin háttvirta bygginganefnd leyfi mjer að byggja upp Kolahús mitt í Kolasundi no. 1 á sama grunni, og gjöra yfir portið upp að íbúðarhúsinu eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir.

Virðingarfylst
Bj. Guðmundsson

Til
bygginganefndar Reykjavíkur

B. Rok: 552/1911. Bý. 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28/8

Reykjavík 23/8 1911

Hjer með leifi jeg mjer
Virðingarfylst að fara þess á leit
við hina háttvirtu byggingarnefnd
Reykjavíkur kaupstaðar
að veita mjer leifi til að byggja
hús samkvæmt meðfylgjandi
uppdrætti
Húsið á að vera bygt úr
steinsteypu og ~~loft úr timbri~~

Svo óskast svo tímanlega
að byrjað verði á verkinu
eftir 10 daga

Virðingarfylst
Sigríður Einarsdóttir
Grettisgötu 58

Til B.Rvk. 553/1911. By. 18.
Byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18/8

Hjer með leyfi jeg mjer undirrit-
aður að biðja hina heiðruðu
byggingarnefnd Reykjavíkur
þess, að jeg fái að byggja nokkurs
konar lausaskúr á lóð minni sem
jeg ætla fyrir geimslu á farangri
ferðamanna og ætti skúr þessi að
verða á lengd eins og steinveggur
sá er sem er fyrir austurenda
á lóðinni og breiddin eins og
steinveggur er fyrir suðurenda
hins veggjarins og á að verða járn
klætt þak með litlum vatns
halla á skúrnum og járnklæða
vesturhlið hans sem snýr inn
að porti mínu.

Reykjavík 16 ágúst 1911
Virðingarfyllst

Árni ... 5-5. 1911
Bygg. 18.

Til
Amundi Árnason
byggingarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/4.

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að hún veiti mjer leyfi til þess að byggja hesthús fyrir ferðamannahesta á lóð minni №. 4 við Smiðjustíg eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir

Virðingarfyllst

Reykjavík 1. September 1911

Siggeir Torfason

Til B. Rek. 556/1911: Brj. 18.

Byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristján Þorgrímsson
Kirkjustræti 10
Box B. 25 Telefón 35.

Reykjavík 2. Sept. 1911

Hjermeð leyfi jeg mjer að biðja byggingarnefnd leyfis til að breyta 2 gluggum á norðurhlið hússins No 38 í Laugavegi.

Virðingarfyllst.
Kristján Þorgrímsson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rk. 557/1911. Bij. 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 29. ágúst 1911

Hjermeð leyfi jeg undirritaður mjer að fara fram á við hina háttvirtu Byggingarnefnd að hún veiti mjer leyfi til að setja miðstöðvarhitun í hús mitt Nr. 7 við Grjótagötu hjer í bænum .

Virðingarfyllst

Kjartan Gunnlögsson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur .

B. Rvk. 558. 1911. Nr. 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GÍSLI ÞORBJARNARSON
KAUPMAÐUR
BERGSTAÐASTRÆTI 36
TALSÍMI 210
HEIMA KL. 12-1 ÁRD. 4-5 SÍÐD.

Reykjavík 1 septembr. 1911

Hjer með leyfi jeg mjer, að beiðast leyfis byggingarnefndar Reykjavikur, til þess að endurreysa hús það, er á síðastliðnum vetri brann á lóðinni við Laugaveg nr. 12 hjer í bænum,

Hugsun min er að reysa það á sama stað, og að öðru leyti eins og Uppdrátturinn sýnir, er jeg hjer með læt fylgja í tviriti.

Heiðrað svar byggingarnefndarinnar óska jeg að fá sem fyrst.

Virðingarfyllst

Gísli Þorbjarnarson

Til

Byggingarnefndarinnar i Reykjavik

B. Rvk 5 5/9/1911, Reg. 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritadur læt hérmed hina háttvirtu bæjarstjórn vita, ad ég er fús til ad kaupa lód nr. 22 vid Frakkastíg, ef bærinn vill selja, med þeim skilyrdum, ad verdid fari ekki fram úr 50 aurum fyrir □ alin hverja og ad ég þurfi ekki ad greida kaupverdid fyr, en ég er búinn ad byggja hús á lódinni, sem ég hefi í hyggju ad byrja á þegar í stad, eftir ad lódin er mér seld og byggingarleyfi veitt.

Ég læt fylgja þessu bréfi uppdrátt af nefndri lód, sem sýnir stærd hennar og lögun.

Virdingarfyllst.

Njálsgötu 43b Rvík 31. ágúst 1911.

Gudm. Þorleifsson

B. Rvk. 560/1911 Bg. 18.

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd að hún leyfi að tröppur þær er jeg gerði við suðurhorn húss mins megi standa, þótt þær ekki kunni að vera i samræmi við byggingarsamþykktina, af þessum ástæðum:

1. Að þær eru fyrir innan hinn upphlaðna götubarm Vesturgötu.
2. Að þær eru i beinni linu við hliðartröppurnar á húsi minu, er áður hafa verið leyfðar.
3. Að ekki er fyrirsjáanlegt i næstu framtið að hægt verði að gera gangstjett við Vesturgötu neðanverða þar sem húsin i Geirsbrekku liggja svo nærri götubarminum.

Að sjálfsögðu mundi jeg skuldbinda mig til að taka tröppurnar burtu, sjái byggingarnefndin siðar að verði ástæða til þess, sökum mannvirkja er þar kunna [illegible] verða gerð.

Af ofantjáðum ástæðum vænti jeg þess að hin háttv. byggingarnefnd lofi tröppunum að standa.

Reykjavik., 1. sept. 1911.

Jón Jónsson

Til

byggingarnefndar Reykjavikur.

B. Rvk. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/

Hinn 27. febr. 1907 keypti eg af Jónasi Þorsteinssyni lóð við Kárastíg, 480 □ áln. á stærð (um 24 áln. með götunni og um 20 áln. á dýpt) fyrir 768 Krónur.

Þennan sama vetur var Gísla Gíslasyni mælt út til byggingar hús við sama stíg, rétt norðan við lóð mína, og honum þá afhent til eignar nær 4 áln. breið ræma af lóð minni.

Af nefndri lóð minni er því ekki eftir nú nema 404 3/4 al. (ul. 19½ al. meðfram Kárastíg og 20½ al. á dýpt), samber meðfylgjandi uppdrátt.

Þá um veturinn kvartaði eg um þetta við þáverandi veganefnd bæjarins, Kn. Zimsen, svo og bæjarstjórn, og síðar, er eg sigldi til útlanda, hafa umboðsmenn mínir gjört kröfur fyrir mína hönd — með þeim árangri, að bæjarstjórn hefur boðið mér, samkv. tilkynning borgarstjóra til mín síðastliðinn vetur,

annaðhvort að borga mér þær 75½ al. sem af lóð minni hafa verið teknar með 1 kr 60 aur. feralin, eins og eg gaf fyrir lóðina,

eða að láta mér í té 75½ al. af lóð í viðbót við lóð mína að vestan (baklóð).

Eg get nú ekki gert mig ánægðan með hvorugt af þessum tilboðum.

Lóðin er orðin svo stutt með götunni, einar 19½ al. að þar verður eigi byggt nema 9¾ ál. langt hús. Eg hef því enga von um, að eg geti fengið mitt fé upp úr henni, þegar skaðabætur eru svona litlar boðnar.

Þótt bætt væri 75½ al. við dýpt lóðarinnar, þá bætir það ekki úr þeim galla, að hún hefur tapað 4 álna ræmu með götunni.

Af þessum ástæðum er það, að eg verð að gjöra þá kröfu, að bæjarstjórn taki við allri lóðinni aftur, og greiði mér fyrir hana í peningum 768 Krónur að viðbættum vöxtum frá þeim tíma,

B. Rvk. 561 1911 Bý. 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem af henni voru lánaðar handa Gísla Gíslasyni þessar umræddu 75 ½ faðmar.

Virðingarfyllst

Reykjavík 7. júlí 1911.

Ólafur Jónsson

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bergstaðastr. (Vesturm. Reykjk.)
að norðan v. t. 10' nyrði 20°
lengd grunda 38°$\frac{1}{2}$°, rúmar 38$\frac{1}{2}$°
en breidd $\frac{3}{4}$° og 1$\frac{1}{4}$° ..

4/

Í framhaldi af brjefi mínu dagsettu 6. júní f. ár og til svars hinum munnlegu tilboðum, er umbjóðandi minn fjekk í tilefni af því brjefi frá bæjarstjórn Reykjavíkur viðvíkjandi 480 □álna lóð við Kárastíg, sem eins og í ofangreindu brjefi er skýrt frá ekki reyndist nema 416 □álnir og umbjóðandi minn Ólafur Jónsson keypti hinn 25. febrúar f. ár sem 480 □álna lóð fyrir 768 kr., skal jeg leyfa mjer að gjöra þessi tilboð til samkomulags út af lóð þessari.

1. Umbjóðandi minn Ólafur Jónsson býðst til að taka lóð þá við Óðinsgötu 806 □álnir, er bæjarstjórnin hefur boðið honum í skiptum fyrir 1 kr. 25 au. □alin, ef skipti þessi annaðhvort geta farið þannig fram, að hann fái □alin hverja á 1 kr. eða hann þurfi ekki að taka meira af lóðinni en svari þeim 768 kr., er hann á að fá fyrir sína lóð og að lóðin megi vera ~~o~~ óbygð í 2 ár frá samningnum og að mismunur verðsins, ef fyrra alternativið er tekið, ~~mismunur verðsins~~ megi standa jafnlangan tíma.
2. Eða að umbjóðandi minn fái 768 kr. fyrir umrædda lóð við Kárastíg, það er að segja jafnmikið

B. Skjs. 233/1908 Bg. IX
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hann gaf fyrir hana.

Reykjavík 17. nóvember 1908
Virðingarfyllst

Karl Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vísað aptur til byggingarnefndar —

3/

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún borgi mjer andvirði lóðar þeirrar, sem jeg keypti af henni í gegnum Jónas Þorsteinsson; en kaupin gengu til baka sökum þess að lóðin stóð ekki mál. Þetta hefur nú staðið óklárað í meir en 2 ár og vona jeg því að hin háttvirta bæjarstjórn borgi mjer lóðar andvirðið, sem var 1,60 Kr. fyrir hverja feralin.
Jeg þarfnast mjög fyrir peningana, sökum þess að jeg er við afardýrt nám hjer í Kaupmannahöfn og hefur verið neitað um styrk úr öllum áttum, enná engan að, sem getur rjett mjer hjálparhönd og fái jeg ekki þetta fje, sje jeg mjer ekki fært að halda áfram við námið.

Kaupmannahöfn 5. ágúst 1909.

Virðingarfylst

Ólafur Jónsson

(Nansensgade 67^II)

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur

B. Rvk. 679/1909 B. x. 21

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/ 6/6

Karl Einarsson Cand. juris.

Reykjavík 6. júní 1907

Á fundi 15. des. f. ár samþykkir bygginganefnd Reykjavíkur að selja Jónasi Þorsteinssyni steinsmið hjer c. 480 □ aln. lóð vestan við Kárastíg fyrir kaupverð 1 kr. hverja feralin

Bæjarstjórnin samþykkir síðar ákvörðun þessa og er gjalddagi á andvirði lóðarinnar ákveðin hinn 1. febr. þ. ár; kaupandi greiðir andvirðið 25. jan. þ. ár með 480 kr. LG ber afsal sama dag.

Hinn 25. febr. þ. ár selur Jónas Ólafi Trjesmið Jónssyni umrædda lóð fyrir 768 krónur eða 1 kr. 60 a. feralin hverja; Ólafur lætur svo þinglesa báðum afsölunum 2. maí þ. ár.

Í þ. mánuði, er bæjarverkfræðingurinn mælir lóð þessa á ný, kemur það í ljós, að lóðin er að eins 416 feralnir, eða 20 álnir með götu og rúmar 20 á. á dýpt (21 og 20.½).

En þess er vert að geta, að þrátt fyrir þrjár mælingar verkfræðingsins, þá er lóðin ekki 416 feralnir heldur er hún 403 feralnir tæpar (20 x 20.¾).

Með því nú að kaupandi lóðarinnar, Jónas

N3

Bæjarfóg. í Rvík
Dagbók 1907 No. 591

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorsteinsson, verður að svara til þeirrar lóðarstærðar, er hann keypti af honum, og sem beinlínis er sagt að sje 480 ferálnir í afsali hans til Ólafs, endahöfðu báðir fulla ástæðu eða rjettara vissu fyrir því, er kaupin fóru fram, að lóðin var rúmar en ekki tæplega 480 álnir, þá skal jeg leyfa mjer hjer með, fyrir hönd Jónasar og Ólafs, sem nú einnig sjerstaklega hefur fengið rjett Jónasar gegn honum út af lóð þessari, að fara fram á það við bæjarstjórnina, sem í algjörðu heimildarleysi hefur selt öðrum, eða boðið öðrum til kaups, nokkuð af lóðinni eða rífar 5 álnir með götu og þvert yfir, að hún afhendi alla hina seldu lóð nú þegar, eða greiði þá upphæð sem Jónas mun verða skyldaður til að greiða Ólafi í skaðabætur og mun láta nærri að þær yrðu:

1. Mismunur verðs á timburgafli og brandmúr: C. kr. 397.00
2. Fyrir vöxtum á plássi við væntanlegt hús á lóðinni og er ekki hægt að meta hana minna en verð hinnar væntanl. lóðar eins og Ólafur keypti hana eða 77 álnir á 1 kr. 60 a. — . — 123.20

Alls Kr. 520.20

Til samkomulags vil jeg leyfa mjer að fara fram á: að bæjarstjórnin láti í tje aðra lóð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á svipuðum stað (þ: jafndýrum) á það verð, er hún síðast hefur selt lóð á í viðkomandi svæði fyrir 25. febr. þ. ár og tæki andvirðið í andvirði þessarar hjer umræddu lóðar, eða með öðrum orðum láti í tje lóð upp í 768 krónur á hæfilegt ákveðið eins og nú tekið er fram; ennfremur vil jeg þá beiðast þess, að Ólafi yrði þá seld þessi hjer margumtalaða lóð við Kárastíg fyrir hæfilegt verð.

Reykjavík 6. júní 1907

Virðingarfyllst

Karl Reimarsson

15) 768 (512
75 256
18 768

£ 416
8
33 2,80

125) 76800 (614
750 192
180
125
550

192
48
240

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. ágúst 1917.

319.

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa falið yður, herra bæjarfulltrúi, að leita samkomulags við Olaf Jónsson um endurkaup á lóð hans nr. 12 við Kárastíg. –

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, sendi jeg yður hjer með skjöl 5 að tölu máli þessu viðvíkjandi. –

Páll Einarsson

Ekkert samkomulag hefur náðst
Fr. Gunnarsson

Hr.
bæjarfulltrúi Tryggvi Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrá

## fyrir bæjarstjórnarfund 7. sept. 1911.

1. Byggingarnefndarmál (fundargjörð 2/9.)
2. Fasteignanefndarmál (fundargjörð 4/9.)
3. Um bygging aðalbarnaskólans (fundargj. 5/9.)
4. Hvort vatnssalerni skuli leyfð (veganefndar fundargjörð 4/9, 3. atr.)
5. Lagðir fram Ellistyrktarsjóðs-reikningar 1910 og endurskoðendur kosnir.
6. Lýsisbræðsla í Örfirisey
7. Um greiðslu árgjalds frá Hólmi
8. Ámundi Ámundason býður til sölu lóð undir götu meðfram Hverfisgötu
9. Erindi Þórðar Gíslasonar um Póstastaðalóðina.
10. Emil Rokstad falar lóð undir íbúðarhús meðfram Laugaveginum.
11. Erindi frá A. Møller um niðurfelling aukaútsvars.
12. Frú Guðrún Björnsdóttir um ráðstafanir gegn því, að börn séu úti seint á kvöldin á götunum.
13. Brunabótavirðingar.
14. Borgarstjóri sækir um ferðaleyfi til útlanda.

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur 6/9 - 1911.

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit af byggingarnefndargjörð 2. September 1911

Ár 1911 hinn 2. dag septembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Finni Jónssyni leyft að gjöra skúr 3 × 5 álnir við austurhlið bæjarins nr. 5 við Bræðraborgarstíg.

2. Guðjóni Jónssyni, málara leyft að gjöra geymsluskúr 6 × 2¼ alin að stærð á vesturmörkum lóðarinnar nr. 2 við Kárastíg.

3. H. J. Hansen bakara leyft að gjöra kolageymsluskúr 4½ × 2½ alin að stærð við norðurgafl bakarís hans við Laugaveg nr. 61. Skúrinn skal gjörður úr steini eða steinsteypu.

4. Birni Guðmundssyni kaupmanni leyft að gjöra smábreytingu á kolahúsi hans við Kolasund nr. 1 og að byggja yfir portið fyrir norðan kolahúsið. Portið er 146 feralnir að stærð.

5. Sigríður Einarsdóttir, Grettisgötu 58, fer fram á að mega byggja íbúðarhús í Norðurmýrarblette nr. 2 fyrir sunnan væntanlegt framhald Grettisgötu. Frestað að taka ákvörðun, þar sem nefndinni er ekki kunnugt um, að landinu hafi verið breytt í byggingarlóð.

6. Ámunda Árnasyni leyft að gjöra geymsluskúr × álnir að stærð á austurmörkum lóðar hans nr. 3A við Hverfisgötu.

7. Páli Halldórssyni, skólastjóra, leyft að gjöra salerni 6 × 2¼ al. að stærð á lóð Stýrimannaskólans, þar sem byggingarfulltrúinn nánar ákveður í samráði við umsækjanda og með samþykki borgarstjóra.

8. Sigurði Torfasyni kaupmanni, leyft að gjöra hesthús 10 × 7¾ al. að stærð á lóð hans nr. 4 við Smiðjustíg.

9. Kristjáni Þorgrímssyni, konsúl, leyft að breyta 2 gluggum á framhlið hússins nr. 38 við Laugaveg.

10. Kjartani Gunnlaugssyni, kaupmanni, leyft að setja miðstöðvarhitun í húsið nr. 7 við Grjótagötu

11. Gísli Þorbjarnarson, kaupmaður, sem nú þykist vera eigandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allrar húseignarinnar nr. 12 við Laugaveg, fer fram á að mega endurbyggja húsið, sem brann þar síðastliðinn vetur. Nýja húsið verður af sömu stærð og það, sem brann, með flötu þaki.

.. Jón Björnsson, kaupmaður, fer fram á, að tröppur þær, er hann hefir gjört við suðurhorn hússins nr. 4 við Vesturgötu, og sem byggingarnefndin kærði hann fyrir á síðasta fundi, megi standa þótt þær nái c. 36 þuml. út frá húshliðinni. Vill hann skuldbinda sig til að taka tröppurnar burt, hvenær sem krafist verður.

Byggingarnefndin vill mæla með því að tröppunum verði leyft að standa fyrst um sinn, með því skilyrði að þinglesin verði sú kvöð á eigninni, að þær skuli teknar burtu, hvenær sem bæjarstjórn krefst þess, bænum að kostnaðarlausu.

13. Guðm. Þorleifsson fer fram á að fá keypta lóðina nr. 22 við Frakkastíg fyrir 50 aura hverja feralin. Lóð þessi er 779 ferálnir að stærð, en byggingarnefndin álítur ekki rjett að selja hana fyrir minna en 1 krónu hverja feralin.

14. Tryggvi Gunnarsson skýrði frá því (sbr. fund 29. júlí 1911 4 atr.) að hann hefði ekki getað fengið neitt samkomulag við Ólaf Jónsson um lóðina nr. 12 við Kárastíg. Nefndin leggur til að standi við samþykt bæjarstjórnarinnar 17. febrúar 1910 (sbr. byggingarnefndargjörðir 12. febr. 1910).

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Tr. Gunnarsson G. Olsen. B. Jónasson. K. Zimsen.

Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit af byggingarnefndargjörð 2. September 1911

'Ár 1911 hinn 2. dag septembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið.

1. Finni Jónssyni leyft að gjöra skúr 3 × 5 álnir við austurhlið bæjarins nr. 5 við Bræðraborgarstíg.

2. Guðjóni Jónssyni, málara leyft að gjöra geymsluskúr 6 × 2¼ alin að stærð á vesturmörkum lóðarinnar nr. 2 við Kárastíg.

3. H. J. Hansen bakara leyft að gjöra kolageymsluskúr 4½ × 2½ alin að stærð við norðurgafl bakarísins hans við Laugaveg nr. 61. Skúrinn skal gjörður úr steini eða steinsteypu.

4. Birni Guðmundssyni kaupmanni leyft að gjöra smábreytingu á kolahúsi hans við Kolasund nr. 1 og að byggja yfir portið fyrir sunnan (norðan) kolahúsið. Portið er 146 ferálnir að stærð.

5. Sigríður Einarsdóttir, Grettisgötu 58, fer fram á að mega byggja íbúðarhús í Norðurmýrarbletti nr. 2, fyrir sunnan væntanlegt framhald Grettisgötu. Frestað að taka ákvörðun, þar sem nefndinni er ekki kunnugt um, að landinu hafi verið breytt í byggingarlóð.

6. Ámunda Árnasyni leyft að gjöra geymsluskúr × álnir að stærð á austurmörkum lóðar hans nr. 34 við Hverfisgötu.

7. Páli Halldórssyni, skólastjóra, leyft að gjöra salerni 6 × 2½ al. að stærð á lóð Stýrimannaskólans, þar sem byggingarfulltrúinn nánar ákveður í samráði við umsækjanda og með samþykki borgarstjóra.

8. Sigurði Torfasyni kaupmanni, leyft að gjöra hesthús 10 × 7¾ al. að stærð á lóð hans nr. 4 við Smiðjustíg.

9. Kristjáni Þorgrímssyni, konsúl, leyft að breyta 2 gluggum á framhlið hússins nr. 38 við Laugaveg.

10. Hjartani Gunnlaugssyni, kaupmanni, leyft að setja miðstöðvarhitun í húsið nr. 7 við Grjótagötu

11. Gísli Þorbjarnarson, kaupmaður, sem nú þykist vera eigandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allrar húseignarinnar nr. 12 við Laugaveg, fer fram á að mega endurbyggja húsið, sem brann þar síðastliðinn vetur. Nýja húsið verður af sömu stærð og það, sem brann, með flötu þaki.

12. Jón Björnsson kaupmaður, fer fram á, að tröppur þær, er hann hefir gjört við suðurhorn hússins nr. 4 við Vesturgötu, og sem byggingarnefndin kærði hann fyrir á síðasta fundi, megi standa þótt þær nái c. 36 þuml. út frá húshliðinni. Vill hann skuldbinda sig til að taka tröppurnar burt, hvenær, sem krafist verður.

Byggingarnefndin vill mæla með því að tröppunum verði [illegible] leyft að standa fyrst um sinn, með því skilyrði að þinglesin verði sú kvöð á eigninni, að þær skuli teknar burtu, hvenær sem bæjarstjórn krefst þess, bænum að kostnaðarlausu.

13. Guðm. Þorleifsson fer fram á að fá keypta lóðina nr. 22 við Frakkastíg fyrir 50 aura hverja feralin. Lóð þessi er 779 ferálnir að stærð, en byggingarnefndin álítur ekki rjett að selja hana fyrir minna en 1 krónu hverja feralin.

14. Tryggvi Gunnarsson skýrði frá því (sbr. fund 29. júlí 1911 4 atr.) að hann hefði ekki getað fengið neitt samkomulag við Ólaf Jónsson um lóðina nr. 12 við Kárastíg. Nefndin leggur til að standi við samþykt bæjarstjórnarinnar 17. febrúar 1910 (sbr. byggingarnefndargjörðir 12. febr. 1910).

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

G. Olsen. B. Jónasson. K. Zimsen

Tr. Gunnarsson

Jón Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur